

Priðjudaginn 17. október 1995.

Nr. 338/1995.

Einar Kristbjörnsson

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

Magnúsi Th. S. Blöndahl ehf.

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Aðför. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. september 1995, sem barst réttinum 9. október sl. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að fram nái að ganga krafa hans um, að krani af gerðinni LIMA 2400, verk-smiðjunúmer 3580-4, verði tekinn úr vörslum varnaraðila með beinni aðfarargerð og fenginn sóknaraðila. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar svo og, að fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af gerðinni.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, en til vara, að umrádataka áðurgreinds krana verði eingöngu heimiluð gegn því, að sóknaraðili setji varnaraðila tryggingu, að fjárhæð 10.000.000 krónur. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með kaupsamningi 2. nóvember 1994 seldi Íslandsbanki hf. varnaraðila gröfuprammann Dag II. Um borð í prammanum var krani sá, sem sóknaraðili krefst nú umráða yfir með beinni aðfarargerð, en kraninn var undanskilinn við kaupin. Í kaupsamningnum er svohljóðandi ákvæði: „Kaupandi skuldbindur sig til að koma prammanum seljanda að kostnaðarlausu til Reykjavíkur að Vogabakka eða annars staðar í Reykjavíkurhöfn til þess að unnt verði að koma krana frá borði og gefa kaupanda kranans eða þeim, sem bankinn vísar til, þann tíma sem til þess þarf án sérstaks endurgjalds.“ Með afsali 10. mars 1995 seldi Íslandsbanki hf. sóknaraðila kranann, og hefur varnaraðili ekki vefengt eignarrétt sóknaraðila yfir honum.

Varnaraðili heldur því fram, að hann hafi fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt fyrrgreindu samningsákvæði með því að sigla prammanum til Reykjavíkur 17. nóvember 1994, þar sem pramminn hafi verið um nokkurt skeið. Varnaraðili hefur þó ekki sýnt fram á, að hann hafi á þessu tímabili skorað á Íslandsbanka hf. að taka kranann. Verður því að telja varnaraðila hafa flutt prammann til Reykjavíkur í eigin þágu, en með því einu gat hann ekki losnað undan greindum skuldbindingum.

Í fyrrnefndum kaupsamningi varnaraðila við Íslandsbanka hf. áskildi varnaraðili sér ekki geymslugjald vegna kranans, heldur virðist þar vera gert ráð fyrir, að hann verði áfram í vörslum varnaraðila, þar til bankinn eða kaupandi að krananum taki hann til sín. Varnaraðili hefur ekki fært fram viðhlítandi rök fyrir því, að hann hafi af öðrum ástæðum öðlast tilkall til geymslugjalds, þannig, að haldsréttur komi til álita.

Samkvæmt framangreindu eru réttindi sóknaraðila það ljós, að sönnur teljast fengnar fyrir þeim með gögnum, sem færð verða fram eftir 83. gr., sbr. 78. gr. laga nr. 90/1989. Verður umráðakrafa sóknaraðila því tekin til greina, en ekki verður talið, að það standi rétti hans í vegi, þótt þörf yrði að flytja gröfupramma varnaraðila til Reykjavíkur til að fullnægja þeim rétti.

Lagaskilyrði skortir til, að sóknaraðila verði gert að leggja fram tryggingu samkvæmt varakröfu varnaraðila.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Það athugast, að vegna ákvæða 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 er ekki tilefni til að mæla í dómi þessum fyrir um heimild til fjárnáms fyrir kostnaði af framkvæmd umbedinnar gerðar.

D ó m s o r ð:

Sóknaraðila, Einari Kristbjörnssyni, er heimilt að láta taka krana af gerðinni LIMA 2400, verksmiðjunúmer 3580-4, úr vörslum varnaraðila, Magnúsar Th. S. Blöndahl ehf., með beinni aðfarargerð.

Varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, samtals 140.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. september 1995.

I.

Mál þetta var þingfest 13. þ. m. og tekið til úrskurðar 18. þ. m., en endurupptekið 20. þ. m. og tekið til úrskurðar að nýju þann dag að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Einar Kristbjörnsson, kt. 151147-3729, Kambahrauni 42, Hveragerði.

Gerðarþoli er Magnús Th. S. Blöndahl ehf., kt. 450269-4929, Vonarstræti 4 B, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að krani af gerðinni LIMA 2400, verksmiðjunr. 3580-4, á beltum, smíðaður árið 1975, verði tekinn úr vörslum gerðarþola með beinni aðfarargerð og fenginn Hróbjarti Jónatanssyni hrl. f. h. gerðarbeiðanda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola, auk þess sem fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Af hálfu gerðarþola eru eftirfarandi dómkröfur gerðar:

1. aðallega, að hafnað verði kröfu gerðarbeiðanda um vörslusviptingu hjá gerðarþola með beinni aðfarargerð á „Krana sf. af gerðinni LIMA 2400, verksmiðjunúmer 3580-4, á beltum, smíðaður 1975“,

2. til vara, að vörslusvipting á krananum verði eingöngu heimil gegn því, að gerðarbeiðandi setji gerðarþola peningatryggingu, að fjárhæð 10.000.000 kr.,

3. að gerðarbeiðandi verði dæmdur til að greiða gerðarþola málskostnað að mati réttarins.

II.

Með kaupsamningi, dagsettum 2. nóvember 1994, keypti gerðarþoli gröfu-prammann Dag II af Íslandsbanka hf. Krani sá, sem krafist er, að tekinn verði úr umráðum gerðarþola, var þá og er enn á nefndum gröfupramma, en var undanskilinn í kaupunum. Samkvæmt samningnum skuldbatt gerðarþoli sig til að koma prammanum í Reykjavíkurhöfn seljanda að kostnaðarlausu, svo að taka mætti kranann af prammanum. Með kaupsamningi, dagsettum 10. mars 1995, afsalaði Íslandsbanki hf. krananum gerðarbeiðanda.

III.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir Íslandsbanka hf. og gerðarbeiðanda um að flytja umræddan pramma í Reykjavíkurhöfn, svo að taka mætti kranann þar af samkvæmt sérstöku leyfi hafnaryfirvalda, sem til þurfti, hafi þær ekki borið árangur. Hafi gerðarbeiðandi því gripið til þess ráðs að óska innsetningar í kranann,

svo að flytja megí prammann til Reykjavíkur og taka kranann þar af. Þar sem gerðarþoli hafi neitað að afhenda kranann, sé gerðarbeiðanda nauðsyn að krefjast umráða yfir krananum með vísan til 78. gr. laga nr. 90/1989.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að hann hafi látið draga prammann til Reykjavíkur og hann verið kominn á Vogabakka 17. nóvember 1994. Hafi Íslandsbanka hf. verið tilkynnt um þetta, en þrátt fyrir ítrekuð tilmæli gerðarþola til bankans hafi bankinn aldrei getað vísað gerðarþola á aðila, sem taka myndi kranann frá borði. Þá hafi gerðarþoli ekki heldur talið sig hafa neina heimild til að vinna þetta verk sjálfur. Hafi hann hvorki haft aðstöðu til að geyma kranann né efni á því, en vægt áætlað muni kostnaður við að koma krananum frá borði vera á bilinu 500.000–1.000.000 króna. Hinn 23. ágúst sl. hafi gerðarþoli gert verksamning við Vélsmiðju Orms og Víglundar sf. í Hafnarfirði um dýpkun og efnisskipti á sjávarbotni í sleðastæði við Drafnarslipp. Í framhaldi af þessum samningi hafi Íslandsbanka hf. verið ritað bréf 1. september sl., þar sem bankanum hafi verið tilkynnt, að gerðarþoli treysti sér ekki lengur til að geyma kranann um borð í prammanum, en jafnframt hafi bankinn verið krafinn um geymslugjald fyrir kranann frá 1. janúar til 1. september 1995, samtals með virðisaukaskatti 10.756.800 kr. Haldi gerðarþoli því fram, að hann eigi haldsrétt í krananum til tryggingar greiðslu geymslugjaldsins samkvæmt venju þar að lútandi.

Það hafi loks verið með bréfi lögmanns gerðarbeiðanda, dagsettu 7. september sl., sem gerðarþoli hafi fengið staðfestingu á því, að gerðarbeiðandi hefði keypt kranann og fengið afsal fyrir honum 10. mars 1995. Pramminn sé nú í Hafnarfjarðarhöfn í fyrrgreindu verkefni og verði ekki tekinn úr því, eins og virðist vera ætlun gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli mótmæli kröfu gerðarbeiðanda öðru fremur á þeirri málsástæðu, að um rétt hans til þess að fá vörslu kranans á þessu stigi sé ekki að ræða, nema hann greiði áfallið geymslugjald. Sé haldsréttur gerðarþola í krananum til tryggingar greiðslu geymslugjaldsins ótvíræður og því sérstaklega mótmælt, að gerðarþoli hafi ekki staðið við sinn hluta kaupsamningsins við Íslandsbanka hf., eins og haldið sé fram. Hafi gerðarþoli komið prammanum á Vogabakka, en bankinn aldrei vísað á neinn til að fjarlægja kranann. Með vísan til þessa sé því ljóst, að gerðarþoli hafi ekki aftrað sóknaraðila með ólögmatum hætti að neyta eignarréttar síns. Sé skilyrðum 78. gr. laga nr. 90/1989 því ekki fullnægt, svo að unnt verði að beita beinni aðfarargerð. Einnig sé í þessu sambandi vísað til 3. mgr. 83. gr. sömu laga.

Þá telji gerðarþoli, að einnig eigi að hafna kröfu gerðarbeiðanda um vörslusviptingu, þar sem hann geri enga kröfu til þess, að pramminn verði

fluttur til Reykjavíkur. Verði vörslusviptingu kranans ekki við komið, þar sem hann sé nú, án þess að þramminn verði fluttur, og fái gerðarþoli alls ekki séð, með hvaða hætti gerðarbeiðandi hyggist fjarlægja kranann, án þess að svo verði gert. Sé krafan, eins og hún sé fram sett af gerðarbeiðanda, því vart dómtæk, eins og málum sé háttað.

Verði hins vegar krafan um vörslusviptingu á krananum tekin til grein með þeim hætti, að þramminn verði fluttur til Reykjavíkur, sé þess krafist, að gerðarbeiðanda verði gert að setja gerðarþola peningatryggingu, að fjárhæð 10.000.000 kr., fyrir því fjárhagstjóni, sem hann verði óneitanlega fyrir við það, að þramminn sé tekinn úr vörslu gerðarþola um ótiltekinn tíma og úr samningsbundnu verkefni. Einnig þurfi gerðarþoli að fá tryggingu fyrir því, að gerðarbeiðandi skili þrammanum aftur í Hafnarfjarðarhöfn. Beri að hafa í huga, að verðgildi þrammans með þeim tækjum, sem gerðarþoli hafi sett um borð, sé vart undir 40.000.000 kr. Hafi gerðarþoli því af því hagsmunum, að þramminn verði ekki fluttur, nema örugglega sé frá því gengið, að vinnutap verði bætt og þrammanum skilað.

IV.

Af hálfu gerðarþola er staðhæft, að hann hafi flutt umræddan gröfupramma í Reykjavíkurhöfn 17. nóvember 1994, þar sem hann hafi verið allt þar til í þessum mánuði, að hann hafi verið fluttur í Hafnarfjarðarhöfn vegna verksamnings gerðarþola við vélsmiðju þar í bæ um dýpkun og efniskipti á sjávarbotni í höfninni. Til stuðnings því, að þramminn hafi verið fluttur í Reykjavíkurhöfn, hefur gerðarþoli lagt fram „samkomulag“ milli aðila máls þessa, dagsett 18. apríl sl., þar sem fram kemur, að gerðarþoli leigi gerðarbeiðanda nefndan gröfupramma [gröfuskíp]. Skyldi leigutaki bera alla ábyrgð á gröfuskípinu, frá því að landfestum þess hefði verið sleppt við Vogabakka [Reykjavík] vegna verks þess, sem gerðarbeiðandi hafði tekið að sér, og þar til þær hefðu verið festar aftur að verki loknu.

Ekkert liggur fyrir um það í málinu, að gerðarþoli hafi verið krafinn um afhendingu á umræddum krana fyrr en með bréfi Íslandsbanka hf., dagsett 6. september sl. Virðist tilefni þeirrar kröfu hafa verið bréf gerðarþola til bankans, dagsett 1. september sl., þar sem gerðarþoli krefur bankann um biðleigugjald, að fjárhæð 10.756.800 kr.

Samkvæmt framansögðu þykir eigi unnt að hafna þeirri fullyrðingu gerðarþola, að hann hafi efnt kaupsamninginn við Íslandsbanka hf. frá 2. nóvember 1994 um gröfuprammann með því að sigla honum í Reykjavíkurhöfn, eins og áskilið var í samningnum, og verður eigi við annað miðað en svo hafi verið. Af gögnum málsins verður ekki séð, að bankinn eða gerðarbeiðandi hafi gert tilraun til að taka kranann þar af þrammanum og að það hafi

loks verið með bréfi bankans frá 6. september sl. og aftur með bréfi gerðarbeiðanda næsta dag, að gerðarþoli hafi verið krafinn um afhendingu kranans, þ. e. rúmum 10 mánuðum eftir, að hann keypti prammann. Er því ósannað, að gerðarþoli hafi með ólögætum hætti aftrað gerðarbeiðanda að taka kranann í sínar vörslur. Þá er jafnframt ljóst, að gerðarbeiðandi öðlast eigi betri rétt en Íslandsbanki hf. átti samkvæmt kaupsamningnum um gröfuprammann.

Eftir því sem rakið hefur verið hér að framan, verður ekki talið útilokað, að gerðarþoli eigi rétt á geymslugjaldi fyrir kranann og í því sambandi haldsrétt í honum, svo sem hann heldur fram. Úr því verður hins vegar eigi skorið nema í almennu einkamáli.

Það er því niðurstaða dómsins að eigi séu skilyrði til að taka kröfu gerðarbeiðanda til greina, og er henni af þeim sökum hafnað.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber að dæma gerðarbeiðanda til að greiða gerðarþola málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 60.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu gerðarbeiðanda um, að krani af gerðinni LIMA 2400, verk-smiðjunúmer 3580-4, á beltum, smíðaður árið 1975, verði tekinn úr vörslum gerðarþola, er synjað.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 60.000 kr. í málskostnað.
